

## Evrópuramminn og getustigskvarði Árstíða

Bókin *Árstíðir* eftir Karítas Hrundar Pálsdóttur kom út árið 2020 og inniheldur stuttar sögur á einföldu máli. Sögurnar eru sérstaklega aðgengilegar fólki sem leggur stund á íslensku sem annað mál vegna þess að aftast í bókinni er viðauki með frekari útskýringum en auk þess eru sögurnar greindar í fimm getustig innan A2–B1 samkvæmt Evrópska tungumálarammanum / Evrópurammanum. Lesa má um [tilurð Árstíða](#) í annarri grein. Hér segir höfundurinn frá vinnunni að baki getustigsgreiningu sagnanna.

### Ólík getustig

Ég skoðaði skilgreiningar Evrópurammans sem skiptir máltileinkun niður í sex getustig: A1 og A2 (byrjendur), B1 og B2 (sjálfstæðir málnotendur) og C1 og C2 (færir málnotendur). Ég sá að umfjöllunarefni og þemu getustigs A2 og B1 hentuðu þeim lesendum sem ég hafði í huga, það er fólki sem hefur öðlast grunnþekkingu í íslensku og vill lesa sér til gagns og gamans. Á getustigi A2 getur fólk meðtekið einfaldar upplýsingar tengdar hversdeginum og til dæmis tjáð sig um sjálft sig, fjölskyldu sína og annað fólk, búsetu, menntun og atvinnu. Á getustigi B1 er fólk fært um skilja umræður um fjölskyldu, áhugamál, vinnu, ferðalög og mál líðandi stundar. Þá hefur fólk náð færni í að lýsa reynslu sinni, plönunum, skoðunum og framtíðardraumum.

### Evrópuramminn

Sjálfsmatsrammi Evrópurammans metur tungumálafærni í gegnum einfaldar staðhæfingar tengdar *skilningi* (hlustun og lestur), *tali* (samtöl og tjáning) og *ritun*. Sjálfsmatsramminn er eins fyrir öll Evrópumálin og því er nauðsynlegt að greina sérstaklega hvaða atriði tilheyra hvaða getustigi hjá hverju tungumáli fyrir sig. Evrópuráðið gaf út nákvæmt málfræðiyfirlit fyrir tungumál eins og ensku árið 1991. Upphaf slíkrar vinnu fyrir íslensku var lengi á frumstigi. En á árunum 2015 til 2016 skilgreindi Gísli Hvanndal Ólafsson hvaða málfræði og formgerðir eiga heima á getustigi A1 þegar lagt er stund á íslensku sem annað mál. Áður hafði íslensk máltileinkun verið skilgreind í tengslum við DIALANG-verkefnið við Lancaster-háskóla, sem hefur það að markmiði að meta tungumálafærni í gegnum sjálfspróf á netinu. María Anna Garðarsdóttir og Sigríður D. Þorvaldsdóttir komu að gerð kvarða fyrir íslenska færniþætti fyrir matsramma DIALANG. Líkt og sjálfsmatsrammi Evrópurammans gefur DIALANG-ramminn takmarkað yfirlit þar sem um er að ræða almenn viðmið sett fram í formi einfaldra staðhæfinga. Þó að DIALANG-ramminn, ólíkt sjálfsramma Evrópurammans, innihaldi flokkana *orðaforði* og *málfræði*, auk *ritunar*, *lesturs* og *hlustunar*, var niðurstaða mín – þarna um 2018/19 – að þáverandi viðmið gæfu ekki heildstætt yfirlit yfir tileinkun íslensku sem annars máls. Vinna þyrfti áfram að nákvæmri greiningu yfir hvað á heima á hverju getustigi fyrir sig, frá A1 til C2, þegar íslenska á í hlut. Gleðjast má yfir því að sú vinna stendur nú yfir í verkefninu „[Próun stöðumats í íslensku sem öðru máli](#)“ sem er hluti af verkefninu „Sameiginlegt átak í íslensku, m.a. með fjarnámi“ sem styrkt var af Samstarfssjóði háskóla 2023.

### Nánari greining

Ég skrifaði sögurnar með það að markmiði að þær myndu hæfa getustigi A2 til B1 eins og það er skilgreint samkvæmt Evrópurammanum. Ég gerði mér grein fyrir að innan þess ramma væri töluverð breidd og hafði því í hyggju að auka aðgengi nemenda að sögunum með því að getustigsgreina þær nánar. Greiningarferlið hófst þegar ég var komin með handrit að sögunum. Mitt fyrsta verk var að útbúa

getustigskvarða þar sem ekki var til almennur kvarði sem gat nýst til verksins. Þessi vinna var unnin í samstarfi við Maríu Önnu Garðarsdóttur og Sigríði D. Þorvaldsdóttur með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna sumarið 2019.

## Hvað gerir texta erfiða?

Ég byrjaði á að leggja stutta könnun fyrir nemendur í íslensku sem öðru máli. Þátttakendurnir voru tuttugu og sex með fimmtán ólík móðurmál og höfðu búið á Íslandi allt frá 7 mánuðum til 21 árs. Þeir voru beðnir um að svara opnum spurningum um hvað gerir texta erfiðan annars vegar og léttan hins vegar. Auk þess voru þátttakendur fengnir til að raða atriðum eftir erfiðleikaröð. Spurt var um málfræði, orðaforða, orðmyndun og setningafræði; fyrstu, annarrar og þriðju persónu sjónarhorn og svo framvegis. Að lokum voru þátttakendur spurðir áhlits um hversu mörg óþekkt orð mega vera í texta sem er hundrað orð að lengd annars vegar og hversu oft þeim þyki eðlilegt að fletta upp í orðabók við lestur einnar blaðsíðu af óþekktum texta. Spurningunum var ætlað að sannreyna hugmyndir fræðimanna um lestur en Batia Laufer heldur því til dæmis fram að yndislestur bóka á réttu getustigi, það er þegar ílag er skiljanlegt, geri meira gagn en of þungir textar. Hlutfall óþekkra orða megi ekki vera hátt ef lesandinn á að geta tileinkað sér nýjan orðaforða.

## Getustigskvarði verður til

Niðurstöður könnunarinnar komu mér almennt á óvart. Svör þátttakendanna voru mjög fjölbreytt sem bendir til þess að lestrarupplifun og erfiðleikastig texta sé að vissu leyti einstaklingsbundið, markað af ólíkum bakgrunni þeirra, móðurmáli og lengd dvalar í landinu. Með öðrum orðum leiddi könnunin ekki til skýrra niðurstaðna. Könnunin gerði mig samt sem áður ennþá meðvitaðri um að ég þyrfti að taka með í reikninginn hina ólíku þætti sem hafa áhrif á getustig texta. Þeirra á meðal eru, eins og Tricia Hedge hefur bent á, færniþætti eins og setningafræði, orðhlutafræði, almenn vitneskja, félagsmenningarleg vitneskja, sérhæfð vitneskja um viðfangsefnið og tegund texta. Ég ákvað næst að fara í gegnum sögur *Árstíða* og skrifa hjá mér einkenni þeirra hvað varðaði tíð sagna (nútið/pátíð) og hætti (framsöguháttur, viðtengingarháttur, boðháttur), nafnhátt og lýsingarhátt, setningargerð (t.d. frumlag-sögn-andlag) og fjölda orðasambanda í hverri sögu, samanber þá færniþætti sem þátttakendur könnunarinnar voru spurðir út í. Næst flokkaði ég saman sögur sem voru líkar að innihaldi, það er eftir því hvort umfjöllunarefnið var almennt eða sérhæft, það er hversdagslegur atburður eins og til dæmis að fara í próf eða sjaldgæfari atburður eins og til dæmis að læra um íslenska vesturfara. Ég notaði þessar upplýsingar sem viðmið um hvernig ég ætti að byggja upp getustigskvarðann: Sagnir, setningargerð, orðaforði og innihald, og um hvernig þessir þættir stigmögnuðust yfir getustigin sem ég greindi innan A2- til B1-rammans. Afraksturinn var eftirfarandi getustigskvarði.

## Getustigskvarði *Árstíða*

**Getustigskvarði *Arstíða* eftir Karítas Hrundar Pálsdóttur í samstarfi við Sigríði D. Þorvaldsdóttur og Maríu Önnu Garðarsdóttur.**

1. Fyrsta stig
  - a. Sagnir: Framsöguháttur, nútíð og þátíð; stöku orð í þátíð, mest 1–2 í texta (1 sinni boðháttur -hringdu)
  - b. Setningagerð: Stuttar setningar, frumlag-sögn-andlag (örfáar undantekningar)
  - c. Orðaforði: Algeng, hátíðni orð (ef það er orðaleikur þá er hann miðpunktur sögunnar)
  - d. Innihald: Afmarkaður atburður (almennur), einn tilgangur (brandari)
2. Annað stig
  - a. Sagnir: Framsöguháttur, nútíð og þátíð; stöku orð í viðtengingarhætti en aðeins sögnin vera: sé/væri; ég hef/hafði (3 sinnum boðháttur – bíddu)
  - b. Setningagerð: Setningar lengjast, einstaka setningar byrja á forsetningarlið eða atvikslið en með sögn í öðru sæti
  - c. Orðaforði: Samsettum orðum fjölgar, 1–2 orðasambönd
  - d. Innihald: Afmarkaður atburður (almennur), einn tilgangur (brandari) en krefst aðeins meiri lesskilnings/lesturs á milli lína
3. Þriðja stig
  - a. Sagnir: Framsöguháttur, nútíð og þátíð; ég hef/hafði; einfaldur viðtengingarháttur, það er algengar sagnir s.s. sé/væri, þyrfti, eigi, mun og fáar í hverri sögu (Nokkrum þínum boðháttur – bíddu, mundu)
  - b. Setningagerð: Setningar lengjast, fleiri setningar sem byrja á forsetningarlið eða atvikslið með sögn í öðru sæti
  - c. Orðaforði: Fjölbreyttari orðaforði; samheiti, andheiti; 1–4 orðasambönd; stöku talmálsorð
  - d. Innihald: Atburðir verða sértækari; vísunum í sögu/fortíð, hefðir, kvikmyndir og ljóð/dægurlög fjölgar; talað um tilfinningar
4. Fjórða stig
  - a. Sagnir: Framsöguháttur, nútíð og þátíð; ég hef/hafði; viðtengingarháttur til að tjá efa/vafa og óbeina ræðu (Boðháttur í fleirtölu – bíðið)
  - b. Setningagerð: Setningar lengjast og verða flóknari, sbr. talmálslegar innskotssetningar
  - c. Orðaforði: Meiri og sérhæfðari orðaforði, t.d. tengdur pólitik, sögu og fræðigreinum; 1–4 orðasambönd; talmál, málbreytingar, slettur og slangur
  - d. Innihald: Sértækir atburðir, vísanir í sögu/fortíð, hefðir og svo framvegis
5. Fimmta stig – erfitt B1, næstum B2
  - a. Sagnir: Framsöguháttur, nútíð og þátíð; ég hef/hafði; viðtengingarháttur til að tjá efa/vafa og óbeina ræðu
  - b. Setningagerð: Langar og flóknar setningar, fjölbreytileiki í setningagerð: FSA og setningar sem byrja á forsetningarlið eða atvikslið með sögn í öðru sæti
  - c. Orðaforði: Meiri og sérhæfðari orðaforði (lágtíðniorð) t.d. tengdur pólitik, sögu og fræðigreinum; 1–5 orðasambönd; talmál, málbreytingar, slettur og slangur; málshættir og formlegt mál
  - d. Innihald: Sértækir atburðir, vísanir í sögu/fortíð, hefðir og svo framvegis.

Eins og sjá má bætist smám saman við hvern flokk. Fyrst eru sagnir eingöngu í framsöguhætti nútíðar en svo bætist við þátíð og síðar viðtengingarháttur og boðháttur. Í upphafi eru setningar stuttar og í grundvallarorðaröð en þær lengjast smám saman og fjölbreytileiki setningagerða eykst. Orðaforðinn er til að byrja með almennur en verður smám saman sérhæfðari auk þess sem fleiri málsnið koma til sögunnar. Innihaldið verður sömuleiðis sérhæfðara og menningarbundnara eftir því sem á líður. Það virtist eðlilegt að skipta sögunum á fjögur getustig. Það fimmta bættist svo við vegna þess að nokkrar sögur voru orðnar svo sérhæfðar að innihaldi og flóknar málfræðilega að erfiðleikastig þeirra jaðraði við B2 frekar en B1.

Getustigskvarði *Árstíða* birtist fyrst opinberlega í rafbókinni *Árstíðir – Leikir og kennsluefni* árið 2024.

## Heimildir

Evrópuráðið (Council of Europe) (e.d.). [Common European framework of reference for languages \(CEFR\)](#).

Gísli Hvanndal Ólafsson (2015–2016). *Grammar and linguistic structures at Level A1 of Icelandic* [meistararitgerð]. Vrije háskóli.

Hedge, T. (2000) *Teaching and learning in the language classroom*. Oxford University Press.

Karítas Hrundar Pálsdóttir (2020). *Árstíðir: Sögur á einföldu máli*. Una útgáfuhús.

Lancaster University (e.d.). [Language testing research group \(LTRG\)](#).

Language Policy Unit (Evrópuráðið – Council of Europe) (e.d.). *Common European framework of reference for languages: learning, teaching, assesement*. Höfundur.

Laufer, Batia (1989). What percentage of text-lexis is essential for comprehension? Í C. Laurén og M. Nordemann (ritstjórar), *Special languages: from humans to thinking machines* (bls.316–323). Multilingual matters.

## Mynd

Árstíðir og Verkefnabókin. Karítas Hrundar Pálsdóttir.